

Ársskýrsla og reikningur 2016



Guðmundur Rafn flytur erindi á aðalfundi KGSÍ á Hótel Sigló, laugardaginn 28. maí 2016.

Kirkjugarðasamband Íslands

Júní 2017

Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ	bls. 3 - 12
Dagskrá aðalfundar á Ísafirði 3. júní 2017	bls. 13
Fjárhagsáætlun KGSÍ 2017	bls. 14
Uppgjör 2016 frá Fjársýslu ríkisins	bls. 15
Ársreikningur KGSÍ og In Memoriam ehf 2016	bls. 16 (sjá efnisyfirlit þar)

Myndirnar í skýrslunni tók Þórsteinn Ragnarsson.

Ársskýrsla KGSÍ 2016


1. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2016

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2016 var kr. 1.059.300.000. Framlagið hefur verið skert um tvo milljarða og er þá miðað við nafnvirði hvers tíma (óuppfært) á árabílinu 2008 til 2016.

Á árinu 2016 munaði 453 m.kr. á útreikningi gjaldalíkansins (ótruflaðs) og raunframlagi ríkisins og er það um 40% minna framlag en kirkjugarðar áttu að fá ef rétt hefði verið reiknað¹. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Ríkisframlagið 2016 var 1.059.300.000 og er skiptingin þessi:

Kirkjugarðasjóður	kr. 90.040.500
Umhirðusjóður	kr. 775.407.600
Grafarsjóður	kr. 155.081.520
Bálstofan í Fossvogi	kr. 38.770.380
Samtals framlag 2016	kr. 1.059.300.000

Framlag ríkisins árið 2015 var ásamt framlagi í kirkjugarðasjóð kr. **997.600.000** og var hækkunin 6,2% milli árana 2015 og 2016. Stærstur hluti gjalda hjá kirkjugörðum er launakostnaður (um 71% hjá KGRP). Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 12,5%². Hér fyrir neðan má sjá línurit sem sýnir að samkvæmt óskertu gjaldalíkani áttu kirkjugarðar að fá 453 m.kr. meira á árinu 2016 en þeir fengu.



¹ Höfundur: Oddur Einarsson, MPA

² Launavísitalan var 517,1 stig í júní 2015 og 581,6 stig í júní 2016.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram hver þróun einingaverðs hefur verið frá árinu 2008 til 2016 á móti hækkun launavísitölu. Stjórn KGSÍ spyr: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað?	2008	2016	Hækkun %
Breyting á framlagi til kirkjugarða og breyting launav.t. frá 2008-2016			
Einingakostnaður umhirðu (kr/m ²)	543 kr	616 kr	13,5
Einingakostnaður vegna grafartöku (kr/kistugröf)	96.829 kr	109.883 kr	13,5
Einingakostnaður vegna líkbrennslu	61.535 kr	69.831 kr	13,5
Launavísitalan (346,2 stig í júní 2008 og 581,6 í júní 2016)	346,2	581,6	68,0

Árið 2005 var undirritað samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs um fjárveitingar til kirkjugarða. Samkomulagið byggði á gjaldalíkani sem var tæki til að nálgast raunverulega þörf garðanna til lögbundins reksturs. Útbúið var einingaverð umhirðu, grefrana og til líkbrennslu. Þetta einingaverð átti samkvæmt samkomulaginu að þróast í samræmi við verðlag og kaupgjald. Fyrstu þrjú árin var að mestu unnið í samræmi við samkomulagið en eftir efnahagshrun tók annar veruleiki við. Góður skilningur var innan málaflokksins á sambærilegri skerðingu og aðrar stofnanir þurftu að þola en það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu ekki skilning á var sú aðferðafræði fjármálaráðuneytisins að skerða einingaverðið allar götur frá árinu 2008 til 2016. Vitanlega átti að reikna upp einingaverðið á hverju ári og skerða síðan þá upphæð sem út kom til samræmis við aðrar stofnanir. Nú er svokölluðum „hagræðingarkröfum ríkisstjórna“ hætt en kirkjugarðar sitja uppi með ónýtt gjaldalíkan sem reiknar vart meira en 50% af fjárþörf þeirra á síðustu árum.

2. Hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og þeirra sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir skv. lögum:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald og miðar við framlag ríkisins. Stjórn KGSÍ leggur síðan til við kirkjugarðaráð hversu hátt einingaverðið geti verið. Greftrunargjaldið er síðan endanlega ákveðið af kirkjugarðaráði í upphafi hvers árs og fer það eftir því hvar kirkjugarðurinn er staðsettur. Á heimasíðunni www.gardur.is/2017 má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum gardur.is og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.
3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:

- a) Kirkjugarðasjóður fær 8,5% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins.
 - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
 - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
 - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
 5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
 - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
 - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á gard.is í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
 - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Eins og áður sagði hefur einingaverðið ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir sem hefur hækkað langt umfram verðlag á síðustu tveimur árum (sjá síðar).

3. KGSÍ annast mörg föst verkefni

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skiptingin skal vera.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Nýja fyrirkomulagið hefur stóraukið skýrsluskil, bæði frá prestum og kirkjugörðum, og hafa allar væntingar stjórnar KGSÍ um ágæti þess gengið eftir. Í ársskýrslu KGSÍ 2012 er nánar sagt frá þessu verkefni sambandsins og má fletta skýrslunni upp á slóðinni www.kgsi.is og þar undir aðalfundir.

Þóknun til presta og forstöðumanna trúfélaga og lífsskoðunarfélaga fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 80% á rúmlega þremur árum, ekki hefur komið króna á móti frá ríkinu.

Taxti fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 80% á þremur árum. Þóknunin er greidd af svokölluðu greftrunarframlagi frá ríkinu. Nú er svo komið að stórir kirkjugarðar í þéttbýli þurfa að greiða með greftrunarframlaginu sem ríkið greiðir fyrir duftgrafir. Framlagið nú er **kr. 42.757** og af því þurfa kirkjugarðar að greiða prestum fyrir hverja duftgröf eftirtaldar upphæðir: Kistulagningarbæn + akstur kr. 8.978, útför + akstur kr. 26.210, jarðsetning duftkers + akstur kr. 8.978. **Samtals kr. 44.166.**

Viðkomandi kirkjugarður fær ekkert fyrir duftgröf, hann verður að greiða **kr. 1.409** með hverri duftgröf skv. þjónustugjöldum sem að framan greinir. Kirkjugarðar landsins fá ekkert enn frá ríkinu til að mæta þessum aukagreiðslum þrátt fyrir margítrekaðar kvartanir.

Upp er komin sú staða hjá kirkjugörðum að ekki er auðvelt að fá verktaka til að taka grafir og senn líður að því að aðstandendur verði sjálfir að taka grafir til að jarðsetja ástvini sína ef ráðamenn taka ekki við sér. Þeir sem enn fást til þess að taka grafir gera það langt undir taxa. Ráðamenn verða að skynja alvöru þessa máls og þeir sem stóðu að þessum samningum í innanríkisráðuneytinu verða að axla þá ábyrgð sem störfum þeirra fylgir. Kirkjugarðar hafa ekki fengið eina krónu á móti þessum kostnaði. Þetta bætist við þann vanda sem fyrir er. Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort þessi hækkun sé of mikil út af fyrir sig heldur er það gagnrýnt að innanríkisráðuneytið semji um slíka hækkun án þess að mótframlag sé greitt til kirkjugarða.

4. Aðalfundur 2016 var haldinn á Siglufirði

Tuttugasti og fyrsti aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hótel Sigló dagana 27. - 29. maí 2016. Fundurinn var fjölsóttur, rúmleg 50 fundarmenn sátu fundinn og um 40 makar.

Jóhannes Finnur Halldórsson, sérfræðingur frá innanríkisráðuneyti, gerði grein fyrir skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út um vorið og sýndi svart á hvítu það sem forráðamenn kirkjugarðamála höfðu haldið fram um rýrnun framlags ríkisins til málaflokksins á árabílinu 2008-2016. Smári Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, gerði grein fyrir kostnaði við grafartöku og tók dæmi um kostnaðarauka þegar mikil snjóalög eru yfir landinu eins og títt er á Akureyri og víða um land. Erindi heimamanns var í umsjá Páls Helgasonar fyrrverandi kennara á Siglufirði og var það bráðskemmtilegt og gerði mikla lukku.



Eftir fundinn fóru fundarmenn og makar í skoðunarferð um miðbæinn í fylgd með siglfirskum fararstjóra og var Síldarsafnið skoðað og Þjóðlagasetrið. Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á veitingahúsinu Rauðku. Á sunnudagsmorgni kl. 10:00 var fundinum

slitið í Siglufjarðarkirkju. Sr. Sigurður Ægisson stýrði athöfninni, kirkjukórinn söng og formaður KGSÍ þakkaði góðar móttökur Siglufirðinga.

Næsti aðalfundur verður haldinn á Ísafirði í byrjun júní

Næsti aðalfundur verður haldinn á Hótel Ísafirði laugardaginn 3. júní næstkomandi. Þegar þessar línur eru ritaðar, þ.e. um miðjan maí, hefur verið lokað fyrir innritun á hótél og gistihús. Ljóst er að mun minni þátttaka verður í ár og við sem förum söknum margra sem verið hafa með á þessum þingum um áraraðir.

Stjórn og formaður

Þórsteinn Ragnarsson gaf kost á sér sem formaður KGSÍ og var hann einróma endurkjörinn. Smári Sigurðsson, sem verið hefur í stjórn mörg undanfarin ár, gaf ekki kost á sér og voru honum færðar þakkir fyrir vel unnin störf.



Guðmundur Rafn Sigurðsson gaf kost á sér í stjórn og var tillaga lögð fram um að Indriði Valdimarsson kæmi inn í aðalstjórn og Albert Eymundsson yrði varamaður ásamt Þórunni Ragnarsdóttur. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Varamenn voru boðaðir á marga stjórnarfundum þó að ekki væri um forföll aðalmanna að ræða.

Þjóðbjörn Hannesson, Akranesi, og Sveinn Valdimarsson, Keflavík, voru kjörnir skoðunarmenn reikninga.

Á milli aðalfunda 2016 og 2017 voru haldnir 13 stjórnarfundir auk óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru allir haldnir í Reykjavík nema einn sem haldinn var á Akranesi. Varamenn voru með á fundum þegar stærri mál voru rædd.

5. Sameining kirkjugarðastjórna

Áhugi fyrir sameiningu er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun stjórnar KGSÍ að með lagafrumvarpinu sem að líkindum verður lagt fyrir þingið innan tíðar verði hægt

að setja inn skýrara ákvæði um sameiningu við viss skilyrði öllum til hagsbótar. Nefnd sú sem skilaði af sér í mars 2016 og fjallaði m.a. um tillögur að lagabreytingum telur að setja þurfi skýrara ákvæði um sameiningu kirkjugarðsstjórna í lögin og gefa eðlilega aðlögun að þeim breytingum.

6. Allar greiðslur til kirkjugarða og presta

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að greiðslur sem berast frá ríkinu og styrkir frá kirkjugarðasjóði eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá framlag ríkisins frá mánuði til mánaðar. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garði og greiðslur vegna grafartöku og til presta. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Bæta þarf inn nokkrum liðum og hafa verið haldnir fundir með Ríkisendurskoðun í því sambandi. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir flett þar upp þeim útförum sem þeir hafa annast og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

7. Ráðherraskipuð nefnd skilaði skýrslu í mars 2016

Í júlí 2014 skipaði þáverandi innanríkisráðherra nefnd til að fara yfir fjármál kirkjugarða og fleira tengt málaflöknum, t.d. lagafrumvarpið. Skýrsla Haraldar L. Haraldssonar var kveikjan að þessari nefndarskipan og óskaði kirkjugarðaráð eftir skipan hennar. Í nefndinni voru þrír aðilar, formaður nefndarinnar var frá innanríkisráðuneyti, hinir tveir voru annars vegar frá fjármálaráðuneyti og hins vegar frá kirkjugarðaráði. Því er ekki að leyna að nefndarstarfið dróst úr hömlu og er það bagalegt því vissulega munu hæg vinnubrögð ekki koma sér vel fyrir kirkjugarða þegar litið er til þeirra vandræða sem þeir eru í.

Á undanförunum 20 árum hafa fjármál kirkjugarða verið rannsökuð í bak og fyrir³. Vönduð samhljóma gögn hlaðast upp í innanríkisráðuneytinu sem sýna að kirkjugarðar hafa ekki verið meðhöndlaðir af sanngirni.

Skýrslan um „Endurskoðun kirkjugarðasamkomulags“ var loks undirrituð í marslok 2016. En efni hennar var í vinnslu allt árið 2015. Það eru aðallega tveir þættir sem skýrslan nefnir og þýðingarmikið er að nái fram að ganga og varða fjármál garðanna:

1. Endurskoða samkomulagið frá 2005. Leiðréttá einingaverð og gera samkomulagið gegnsærra.
2. Koma lagafrumvarpinu um breytingar á lögum um kirkjugarða fyrir þingið sem fyrst og fá samþykka heimild um gjaldtöku í líkhúsi og athafnarýmum.

Vera kann að skeytingarleysi ráðamanna gagnvart þessari samfélagsþjónustu víki fyrir raunhæfum aðgerðum þegar þeir lesa nýju skýrsluna yfir (?). Reyndar er ekkert nýtt í skýrslunni heldur er þar staðfest það sem fyrri rannsóknir og skýrslur hafa sýnt fram á, þ.e. að framlag ríkisins hefur frá 2009 ekki nægt til að kirkjugarðar hafi getað uppfyllt lögboðnar skyldur sínar. Við þurfum ekki fleiri nefndir og ekki fleiri skýrslur, við Íslendingar þurfum ábyrga, óhrædda og heiðarlega embættismenn í stjórnunarstöður þar sem þessi mál eru rædd og ákvarðanir teknar.

³ Sjá slóðina www.gardur.is/skyrslur

Að öðru leyti er vísað til árskrýrslu KGSÍ frá 2015 en þar var fjallað um þessi samskipti við ráðuneytið sem báru því miður ekki þann árangur sem menn væntu og málið lá óhreyft í ráðuneytinu allt árið 2016.

8. Legstaðaskráin Gardur – stærsta verkefni KGSÍ frá upphafi

Hin miðlæga legstaðaskrá **Gardur** er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af



meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur


náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við **Gardur** hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkefri í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeidnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.

Endurforritun kerfa á gardur.is

Seint á árinu 2016 setti stjórn KGSÍ sig í samband við hugbúnaðarfyrirtækið Hugsmiðjuna ehf, www.hugsmidjan.is og fékk starfsmenn þar til að greina forritun og öryggismál á gardur.is.

Undanfarin ár hefur kunnátta er snýr að forritun, rekstri og öðru utanumhaldi á kerfum gardur.is verið á höndum eins manns sem er á engan hátt fullnægjandi vegna öryggismála. Arnfinnur R. Einarsson starfsmaður KGRP hefur meira eða minna hannað og forritað þau kerfi sem hafa komið sér vel fyrir KGSÍ á umliðnum árum. Þessi vinna Arnfinns hefur nokkuð staðist tímans tönn en það gefur auga leið að þar er ýmslegt sem þarf að bæta og breyta til að fullnægja kröfum í dag, bæði um sjálfvirkni og öryggi. Þess má geta að umræddur starfsmaður er lykilmaður í tengslum við hugbúnaðarfyrirtækið sem nú hefur tekið að sér að endurforrita kerfin á gardur.is og færa þau inn í nútíðina.

Í skýrslu sem Hugsmiðjan gerði í þessu sambandi kom fram að skýrslugerð úr kerfinu er þannig háttáð að oft þarf viðkomandi að koma að útkeyrslu þeirra handvirkt. Tilgangur skýrslunnar var að greina núverandi ástand þessara kerfa hvað varðar virkni og forritun og til að sjá í framhaldi hvaða aðgerða sé þörf til að gera kerfin notendavænni og tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem kerfið inniheldur. Einnig er gerð krafa um að kerfin verði eins sjálfvirk og unnt er svo mannhöndin þurfi ekki að koma að aðgerðum eins og að taka skýrslur úr kerfinu. Í skýrslunni var fjallað stuttlega um kóðann og ástand hans. Svo var farið yfir helstu síður og virkni þeirra. Að lokum var svo stungið upp á leiðum til úrbóta. Í stuttu máli sagt þá kallaði skýrslan og álit starfsmanna Hugsmiðjunnar á endurforritun kerfanna á gardur.is og fram kom að þau væru börn síns tíma og öryggismál væru algjörlega ófullnægjandi.



Ljóst var að áhyggjur stjórnar KGSÍ voru á rökum reistar hvað varðar öryggi á rekstri kerfanna og öryggi þeirra gegn utanaðkomandi skemmdarverkum. Eftir að gengið hafði verið frá fjármögnun til að endurforrita kerfin var gengið til samninga við Hugsmiðjuna um endurforritun og stendur sú vinna enn yfir þegar þessar línur eru skrifaðar í maílok 2016. Þess má geta að kirkjugarðasjóður gerði það mögulegt að hægt væri að vinna þetta nauðsynlega verk, sjóðurinn lagði 10 m.kr. beint í þessa framkvæmd á yfirstandandi ári. Kostnaðaráætlunin er 14,9 m.kr. + vsk. og miðar verkefninu vel áfram. Styrkur kirkjugarðasjóðs ásamt góðri peningalegri stöðu KGSÍ tryggir að hægt verði að klára verkið á næstu

mánuðum og taka kerfin í notkun. Skýrsla um greiningu kerfanna og skýrsla um kostnaðaráætlun og almenna lýsingu á framkvæmdinni í heild eru fyrirbyggjandi á aðalfundinum á Ísafirði.

GPS – tækni á www.gardur.is tefst vegna endurforritunar

Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni og hafa kortin verið sett jafnóðum inn á vefinn. Áfram er unnið við að tengja þessi kort við **Gard** og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Kirkjugarðaráð og KGRP gerðu á árinu 2012 samning við Ísgraf ehf um frekari þróun þessarar tækni. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstæði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar undir. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Inn í nýja kerfið eru komnir um 40 kirkjugarðar. Agnúar sem upp hafa komið hafa jafnóðum verið sniðnir af og er kerfið farið að ganga nokkuð vel. Þetta kerfi byggir m.a. á að garðarnir séu skipulagðir og ný grafarstæði sett á kortið og gefin númer. Heimamenn þurfa sjálfir að skrá nýjar jarðsetningar með því númeri sem grafarstæðið er búið að fá fyrirfram á kortinu því annars virkar nýja kerfið ekki. Ef ekkert númer er gefið uppfærast kortið ekki og eins ef gefið er upp númer sem ekki er í samræmi við skipulag kortsins getur það birst á rangri gröf. Mikilvægt er að þeir sem taka við legstaðaskráningu tileinki sér þessi vinnubrögð.

Þessi vinna mun tefjast vegna greiningar og endurritunar forrita á gardur.is en mun verða hluti af því kerfi sem verður til hjá Hugsmiðjunni þegar verkefninu lýkur.

9. Útgáfa Bautasteins - fagrits og fréttabréfs

Bautasteinn – fréttabréf kom út í apríl (1. tbl. 13. árg.) og Bautasteinn (fagritið) kom út í maí 2016 (1. tölublað 21. árgangs). Árið 2015 var gerður samningur við almannatengslafyrirtækið Athygli um útgáfu blaðanna.



Bautasteinn, fagrit, sem kemur út í maí er annað blaðið sem Athygli stýrir og lofar samvinna við fyrirtækið góðu. Kostnaður er svipaður því sem áður var. Á slóðinni: <https://www.gardur.is/kgi.php> má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í



1.000 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Stærstu kirkjugarðarnir styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustusvæði viðkomandi


kirkjugarðs. Hægt er að skoða fréttabréfin á slóðinni hér að ofan. Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundir áður en blaðið kemur út á vorin.

10. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s útteilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Þjónustusamningur er á milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex milljón króna framlag frá kirkjugarðasjóði á ári næstu árin.

11. Erlend samskipti - NFKK

KGSÍ á aðild að norrænu sambandinu NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina: <http://www.nfkk.eu> og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.



Í norræna sambandinu eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum. Svíar og Danir hafa lengst af stýrt sambandinu en Norðmenn hafa verið að gera sig meira gildandi síðustu ár. Ísland og Finnland halda sig til hlés en óhætt er að segja að við, sem sækjum þessa fundi frá Íslandi, höfum mikið gagn af þessu samstarfi.

12. Margir lögðu hönd á plóginn

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2016. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, 23. maí 2017.

F.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Aðalfundur KGSÍ

haldinn 3. maí 2017 á Hótel Ísafirði

Fundurinn hefst kl. 09:00 með venjubundnum aðalfundarstörfum og stendur til kl. 15:00. Tilkynt verður síðar um staðsetningu fundarins.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2016 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. **Kirkjugarðar á Vestfjörðum.** Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.
8. **Kirkjugarðar á Norðurlöndum og Íslandi, gróður og skipulag.** Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri KGRP segir frá. Fyrirspurnir og umræður.
Matarhlé frá 12:00 til 13:00
9. **Rekstrarvandi kirkjugarða. Hvað hefur KGSÍ gert til að leysa vandann?**
Þórsteinn Ragnarsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.
10. **Erindi heimamanns: Gamli kirkjugarðurinn á Ísafirði.** Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt fjallar um rannsóknir sínar.
11. Önnur mál.

Skoðunarferð um Ísafjörð og nágrenni. Eftir fundinn verður farin skoðunarferð um Ísafjörð og um kvöldið munu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra snæða saman kvöldverð á Hótel Ísafirði kl. 19:30 og skemmta sér saman.

Helstu tímasetningar í tengslum við aðalfundinn.

Laugardagurinn 3. júní:

09:00 – 12:00 Aðalfundarstörf.
12:00 – 13:00 Hádegismatur.
13:00 – 15:00 Aðalfundarstörf.
15:15 – 17:30 Skoðunarferð um Ísafjörð. Farið frá hótelinu kl. 15:30.
19:30 – 24:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun.

Sunnudagurinn 4. júní:

11:00 – 12:00 Messa í Hnífsdalskapellu – kveðjustund eftir messu.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2017

REKSTRARTEKJUR:

Tekjur vegna sölu vorblaðs (ca. 375 eint. á 850 kr/stk.)	318.750
Skráning itarefnis	50.000
Aðrar tekjur; sala rafrænna skráa frá gardur.is	143.100
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði vegna tölvumála	10.000.000
Endurgreiddur vsk vegna sérfræðivinnu	4.700.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði, skv. samningi	5.500.000
SAMTALS KR:	20.711.850

REKSTRARGJÖLD:

Kostnaður vegna Bautasteins; tímarits og fréttabréfs:

Vorblað - tímarit, skv samningi við Athygli	300.000
Annar kostn. s.s. ferðalög, myndir o.fl.	250.000
Fréttabréf KGSÍ, skv samningi við Athygli	170.000
Pökkunarkostnaður vorblaðs og fréttabréfs	80.000
Burðargjöld vegna vorblaðs	182.575
Burðargjöld vegna fréttabréfs	111.510
Burðargjöld önnur	4.500
	<hr/> 1.098.585

Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.672.000
Aðalfundarkostnaður	350.000
Bókhaldsvinna	627.000
Prentkostnaður, umslög og bréfsefni	150.000
Stjórnarfundakostnaður	100.000
Innlendur ferðakostnaður	170.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	200.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	420.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is m.vsk.	19.600.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	100.000
	<hr/> 23.389.000

SAMTALS KR: 24.487.585

Gjöld umfram tekjur án fjármunatekna og fjármagnsgjalda - **3.775.735**

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:

Vaxtatekjur	200.000
Vaxtagjöld	50.000

HALLI AF REKSTRI ÁRSINS: SAMTALS KR: - 3.625.735

Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2016

Fjárheimildir

Viðfangsefni	Heiti viðfangsefna	Fjárlög 2016	Fjáruka­lög 2016	Millifærslur 2016	Fjárheimild 2016	Flutt frá árinu 2015	Samþykkt loka­fjárlög	Fjárheimild alls 2016
Tekjur								
Gjöld								
111	Kirkjugarðar	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000
	Samtals tekjur og gjöld	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000
Markaðar tekjur								
	Samtals markaðar tekjur	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur								
	Samtals aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0	0	0
	Alls	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000

Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2016

Fjármögnun

	Fjárlög 2016	Fjáruka­lög 2016	Millifærslur 2016	Fjárheimild 2016	Flutt frá árinu 2015	Samþykkt loka­fjárlög	Fjárheimild alls 2016
Greitt úr ríkissjóði	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000	145.400.002	0	1.199.200.002
Viðskiptahreyfingar	0	0	0	0	-145.400.002	0	-145.400.002
Fjármögnun alls	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000	0	0	1.053.800.000

Viðskiptareikningur við ríkissjóð

1. Eignahlöð (framlag og tekjur innheimtar af ríkissjóði)

Flutt staða frá fyrra ári	145.400.002
Breyting vegna loka­fjárlaga	0
Framlag ríkissjóðs	1.053.800.000
Markaðar tekjur, innheimt af ríkissjóði	0
Aðrar rekstrartekjur, innheimt af ríkissjóði	0
Krafa á ríkissjóð	1.199.200.002

2. Skuldahlöð (Greiddslur sem stofnun fær frá ríkissjóði eða skuldar ríkissjóði)

Greiddir reikningar	-1.204.700.002
Launakostnaður	0
Rekstrarfé, óskipt	0
Millifærslur	0
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Aðrar rekstrartekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Samtals viðskipti við ríkissjóð	-1.204.700.002

Skuld við ríkissjóð -5.500.000

Ársreikningur 2016

Um bókhald og uppgjör reikninga KGSÍ sér Margrét Guðjónsdóttir bókari hjá KGRP. Helga Halldórsdóttir, gjaldkeri KGRP, sér um að greiða framlag ríkisins til presta og kirkjugarða landsins og svara fyrirspurnum um þær greiðslur.

Kirkjugarðasamband Íslands

Ársreikningur

2016

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 16. maí 2017

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun skoðunarmanna	3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10